



HAFNARFJÖRÐUR

Starfshópur um endurskoðun jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar Málsnr. 1510229

Greinargerð til bæjarráðs 5. maí 2016.

Bæjarráð Hafnarfjarðar tilnefndi á fundi sínum þann 19. nóvember 2015 fjóra fulltrúa í starfshóp til að vinna að endurskoðun jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar, gerð jafnréttisáætlunar og samþættingu hennar við aðrar stefnur bæjarins. Í starfshópinn voru tilnefnd Guðlaug Kristjánsdóttir, fulltrúi Bjartrar framtíðar, Kristinn Andersen, fulltrúi Sjálfstæðisflokks, Óskar Steinn Ómarsson, fulltrúi Samfylkingar og Valgerður Bláklukka Fjölfnisdóttir, fulltrúi Vinstri grænna. Með hópnum starfar Berglind G. Bergþórsdóttir mannauðsstjóri. Starfshópurinn hóf störf í desember 2015. Hópurinn óskaði eftir tillögum eða ábendingum á heimasíðu bæjarins og sendi jafnframt erindi sama efnir til Öldungaráðs, Ungmennaráðs og Ráðgjafaráðs í málefnum fatlaðra. Kallað var eftir efni frá öllum sviðum bæjarins. Skoðaðar voru nýlegar stefnur og áætlanir í öðrum sveitarfélögum auk þess sem samráð var haft við Jafnréttisstofu.

Við endurskoðunina varð starfshópurinn ásáttur um að tekin yrði saman hnitmiðuð jafnréttisáætlun og að jafnréttisstefna bæjarins skyldi að meginefninu til haldast óbreytt, þótt orðalag og framsetning tæki breytingum. Áfram yrði lögð áhersla á víða nálgun á viðfangsefnið og horft til fleiri þátta en kyns, en leitast við að gera textann styttri og hnitmiðaðri.

Jafnréttisáætlun var lögð fyrir bæjarráð þann 11. febrúar 2016 og samþykkt. Áætlunin var síðan send Jafnréttisstofu sem staðfesti hana. Starfshópnum var jafnframt veitt umboð bæjarráðs til að halda áfram endurskoðun á jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar, þ.e. þeirri grunnstefnu sem liggur til grundvallar jafnréttisáætlunum.

Starfshópurinn ákvað á fundi sínum þann 27/4 2016 að leggja drög að jafnréttisstefnu fyrir bæjarráð þann 5. maí og bera tillögur um ákveðnar breytingar á yfirskrift og framsetningu stefnunnar undir ráðið. Með drögunum fylgja jafnframt nokkrar tillögur og fyrirspurnir um hlutverk og starfsemi bæjarráðs sem jafnréttisráðs Hafnarfjarðar.

- Lagt er til að yfirskrift stefnunnar verði „Jafnréttis- og mannréttindastefna Hafnarfjarðar“, í samræmi við að inntak stefnunnar hefur verið víkkað út fyrir hina hefðbundnu skýrskotun til jafnréttis kynja eingöngu. Starfshópurinn telur vænlegra að halda jafnréttishugtakinu í yfirskriftinni, þó svo að mannréttindahugtakið gæti náð yfir allt innihaldið, til þess að gæta samræmis í þeim köflum stefnunnar sem fjalla sértækt um ákvæði í jafnréttislögum.
- Lagt er til að framsetningu stefnunnar verði breytt, henni kaflaskipt eftir hlutverkum bæjarins (sem stjórnvalds-, þjónustu- og samstarfsaðila og vinnuveitanda) frekar en eftir þjóðfélagshópum eins og er í fyrri stefnu.
- Stefnan hefur verið yfirfarin og samlesin m.t.t. stefnumörkunar annarra sveitarfélaga og tillögur að breytingum merktar með track changes.
- Bæjarráð skerpi á hlutverki sínu sem jafnréttisráð.
- Farið verði yfir ferli við framfylgd jafnréttisstefnu og hlutverkaskipanin sem sett er fram í fyrri stefnu endurmetin m.t.t. mögulegra breytinga.
- Skoðað verði að taka upp jafnréttis/mannréttindaviðurkenningar og/eða -styrki hjá Hafnarfjarðarbæ sem og aðrar mögulegar leiðir til að halda málaflokknum á lofti.

Sjá að öðru leyti fundargerðir starfshópsins og drög að nýrri stefnu.

Fyrir hönd starfshóps um endurskoðun jafnréttisstefnu, Guðlaug Kristjánsdóttir